

Ár 2021, 25. febrúar, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á TEAMS, af Björgu Ástu Þórðardóttur dómara.

Fyrir er tekið mál nr. 9/2020:
Fredrica Fagerlund
gegn
Landssambandi hestamannafélaga

Mætt eru í réttinn Sigurður Halldór Örnólfsson, fyrirsvarsmaður kæranda ásamt Berglindi Karlsdóttur framkvæmdastjóra Landssambands hestamannafélaga (LH) og Guðna Halldórssyni formanni LH.

Skjöl málsins nr. 1 til 20 liggja frammi.

Er nú í dóminum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

Með ódagsettri kæru, sem barst skrifstofu ÍSÍ 18. desember 2020, kærði Fredrica Fagerlund, kt. 141289-4549 ákvörðun aganefndar LH frá 10. desember 2020. Máli þessu var formlega úthlutað Björgu Ástu Þórðardóttur dómara í dómstól ÍSÍ 6. janúar 2021 og var kærða gefinn frestur til 18. janúar til að skila greinargerð í málinu. Veittur var viðbótarfrestur til 22. janúar 2021 og barst greinargerð kærða þann dag. Með tölvupósti dags. 27. janúar 2021 boðaði dómari til þinghalds í málinu sem var síðar haldið þann 9. febrúar 2021. Í ljósi þess að ekki lá fyrir í málgögnum hvenær kærður úrskurður barst kæranda óskaði dómari eftir upplýsingum um það frá kæranda og voru þau gögn afhent dómara fyrir þinghaldið og urðu hluti af málgögnum. Málið var flutt munnlega miðvikudaginn 17. febrúar sl. og tekið til dóms sama dag.

I. Dómkröfur

Kærandi gerir þá kröfu að úrskurður aganefndar nr. 1/2020 yfir Fredrica Fagerlund verði felldur niður og gerður ógildur. Ekki mátti leiða af greinargerð kærða hverjir dómkröfur hans væru í málinu en í munnlegum máflutningi kom fram sú krafa að kærður úrskurður aganefndar LH standi.

II. Málsatvik.

Þann 10. júní 2020 voru Skeiðleikar 2 haldnir af Skeiðfélaginu á Brávöllum. Keppt var í þremur greinum, 250 metra skeiði (P1), 150 metra skeiði (P3) og 100 metra flugskeiði (P2). Kærandi skráði sig til keppni í tveimur greinum, 250 metra skeiði (P1) og 150 metra skeiði (P3) á hestinum Snæ frá Keldudal. Skráning fór fram í gegnum tölvukerfi kærða, Sportfeng, og er óumdeilt að engar athugasemdir voru gerðar við þá skráningu. Kærandi og hesturinn Snær frá Keldudal kepptu í báðum greinum. Í gögnum málsins liggur fyrir að mótaskýrslu var skilað og ekki liggur fyrir að athugasemdir hafi verið gerðar við hana að móti loknu.

Samkvæmt málsatvikalýsingu kæranda var kæranda fyrst tilkynnt, þann 16. nóvember 2020, með pósti frá aganefnd LH að atvik er varðar kæranda sé til skoðunar hjá nefndinni, að beiðni stjórnar kærða. Samkvæmt því sem fram kemur í úrskurði aganefndar í máli nr. 1/2020 barst aganefnd erindi frá stjórn kærða þann 10. nóvember 2020 sem var svohljóðandi, að því er varðar atvik þessa máls:

Stjórn LH vísar til aganefndar til umsagnar eftirfarandi atvikum sem komu upp á tvennum skeiðkappreiðum á keppnistímabilinu 2020:
a)...

RAP

b) Knapi á Skeiðleikum tvö, keppti á sama hesti í bæði 150 skeiði og 250m skeiði.

Í lögum L.H. í gr. 8.17. Viðauka 9 segir: „a) Þar sem keppir í P1/250 m skeiði má ekki keppa í P3/150 m skeiði b) Þar sem keppir í P3/150 m skeiði má ekki keppa í P1/250 m skeiði.

Kærandi skilaði greinargerð til aganefndar þann 3. desember 2020. Aganefnd LH kvað upp úrskurð þann 10. desember 2020 og er í úrskurðinum fjallað um þrjú mál, þar á meðal hvernig bregðast eigi við því að knapi keppti á sama hesti í bæði 150m og 250m skeiði á Skeiðleikum 2, móti sem haldið var 10. júní 2020. Var það niðurstaða aganefndar að kærandi hefði brotið gegn ákvæði a- og b- liðar 4. tölul. 9. viðauka við lög og reglur LH í nefndri keppni þar sem hún keppti í bæði P1 og P3 á mótinu. Var það jafnframt niðurstaða aganefndar að fella árangur kæranda í keppni P1 og P3 á Skeiðleikum 2 úr gildi.

Þann 18. desember 2020 kærði kærandi úrskurð aganefndar LH til dómstóls ÍSÍ, eins og rakið er að framan.

III. Máltilbúnaður kæranda.

Af hálfu kæranda er viðurkennt að það hafi verið mistök af hálfu kæranda að skrá sig í þessar tvær keppnisgreinar sem kæranda var ekki ljóst að væri bannað fyrir en henni barst erindi aganefndar þann 16. nóvember 2020. Kærandi telur þó aganefnd ekki hafa tekið nokkuð tillit til þess, við töku kærðar ákvörðunar, að sú regla sem dæmt er eftir komi hvergi fram í reglum laga LH sem fjalla um skeiðkappreiðar, þ.e. gr. 8.7.17. og 8.7.18. Reglurnar sem dæmt er eftir séu eingöngu að finna í viðauka 9, nánar tiltekið a- og b- lið töluliðar 4. Ekki hafi verið sýnt fram á að reglur viðaukans hafi verið kynntar eða fréttatilkynning vegna hennar komið frá kærða. Í ljósi þess að um mistök við skráningu hafi verið að ræða hefði verið eðlilegra að fylgja meðalhófsreglu og leyfa kæranda að njóta vafans.

Kærandi byggir ennfremur á því að kærði hafi með erindi sínu til aganefndar LH verið að óska umsagnar aganefndar um þau mál sem um ræðir en ekki óskað eftir því að að úrskurðað yrði í málinu enda sé ekki lagastoð fyrir slíku málskoti. Vísaði kærandi í því skyni til álits laganefndar LH sem kærði aflaði með tölvupósti þann 14. október 2020. Í áliti laganefndar segir;

Það eru engar heimildir í lögum LH til þess fyrir stjórn að ógilda árangur knapa. Stjórn ber samkvæmt gr. 1.4.2. í lögum LH að hafa eftirlit með því að lög og reglugerðir LH séu haldin. Ljóst er að hér var um misbrest að ræða og væri stjórn rétt að senda fyrirspurn á yfirdómnefnd og krefjast úrbóta og að hún grípi til viðeigandi úrræða.

Þrátt fyrir að kærufrestur sé liðinn ber yfirdómnefnd ábyrgð á því að löglegri mótaskýrslu sé skilað. Þar sem misbrestur virðist hafa orðið á því í máli þessu, virðist rétt að krefjast þess (óski mótstjórn eftir því að mót sé löglegt) að yfirdómnefnd hlutist til um það að skila löglegri skýrslu og taki þá jafn framt afstöðu til þess áður en skýrslu er skilað, hvernig taka skuli á atviki því sem um er fjallað í áliti þessu.

Kærandi bendir á að álit þetta var aflað vegna keppni knapa í Metamóti Spretts þar sem deilt var um lögmæti mótaskýrslu. Bendir kærandi á að engar athugasemdir hafi verið gerðar við mótaskýrslu Skeiðleika 2 og að yfirdómnefnd hafi ekki óskað eftir því að málið yrði sent til aganefndar. Kærandi telur að í lögum og reglum LH komi hvergi fram að stjórn LH hafi nokkurn meiri eða ríkari rétt til að senda mál til úrskurðar aganefndar en almennir félagsmenn LH.

J. R. AP

Kærandi byggir að lokum á því að frestur til að kæra umrætt atvik var löngu liðinn enda allir kærufrestir liðnir. Vísar kærandi til reglugerðar aganefndar, nánar tiltekið 8. gr., 2.8.3. gr., 2.8.7. gr. og 2.7.3. gr. Hér þurfi til þess að líta að víðsvegar í íþróttum séu settir kærufrestir sem takmarka heimildir til að dæma um möguleg brot út frá þeim tíma sem liðinn er frá broti. Byggir kærandi á því að á sviði hestalþrótta hafi verið ákvæðið að kærufrestir skyldu vera 48 klst. eftir mótslok.

IV. Málattilbúnaður kærða.

Undir rekstri málsins kom sú krafa fram af hálfu kærða að kærður úrskurður aganefndar LH yfir kæranda standi. Kærði skilaði greinargerð aganefndar LH um kærana en engin frekari gögn bárust frá kærða. Í greinargerð aganefndar er beðist velvirðingar á misritun á nafni kæranda í kærðum úrskurði. Aganefndin óskaði þess að dómstóll tæki afstöðu til heimildar kærða til að óska eftir úrskurði aganefndar svo löngu eftir að brot átti sér stað en nefndin skoðaði sjálf heimildir sínar til þess og komst að þeirri niðurstöðu að sú heimild væri fyrir hendi í lögum og reglum LH. Aganefnd benti jafnframt á að viðurkennt hafi verið að brotið hafi átt sér stað og rakið sé í úrskurði aganefndar þau ákvæði sem brotið var gegn. Aganefnd benti á að úrskurðurinn kvað ekki á um nein viðurlög eða refsingar á hendur kærða önnur en þau að árangur kæranda á viðkomandi móti ætti að falla niður og hafi aganefnd gætt meðalhófs. Ennfremur bendir aganefnd á að komið hafi fram hjá kæranda að hestur hennar hafi ekki fengið skráðan tíma á mótinu í 250 metra skeiði og því hafi engum árangri verið til að dreifa þar en kærandi hafi verið með gildan tíma í 150 metra skeiði sem eftir efni úrskurðarins var afmáður.

V. Forsendur og niðurstöður.

Í máli þessu er kærður úrskurður aganefndar LH sem er í þremur liðum. Mál þetta fjallar eingöngu um einn lið af þremur, þ.e. þann úrskurð aganefndar LH um að kærandi hafi brotið gegn ákvæðum 4. tölulíðar a) og b) 9. viðauka laga og reglna L.H. í keppni á Skeiðleikum 2 og að árangur hennar sé felldur úr gildi. Er því hvorki fjallað hér um þann hluta úrskurðar aganefndar sem fjallar um það tilvik að keppandi (sami knapi og hestur) kepptu bæði í 150 metra og 250 metra skeiði í Metamóti Spretts sem haldið var á keppnistímabilinu 2020 né þann hluta að fella út allan keppnisárangur af Metamóti Spretts úr Sportfeng. Um síðarnefnda hluta úrskurðar aganefndar var fjallað í dóm dómstóls ÍSÍ í máli nr. 8/2020. Þá liggur fyrir að hestamannafélagið Sprettur kærði þann 28. janúar 2021 úrskurð aganefndar LH frá 10. desember 2020 og ákvörðun nefndarinnar um höfnun á endurupptöku frá 22. janúar 2021. Hefur það mál fengið númerið 1/2021 hjá dómstóli ÍSÍ.

Samkvæmt grein 24.1. í lögum ÍSÍ er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ ein vika frá því atvik það sem kært er bar við eða ástandi lauk, ef um ástandsbrot er að ræða séu ekki skemmrí frestir ákvæðnir í lögum viðkomandi sérsambands. Fyrir liggur að kærður úrskurður, dagsettur þann 10. desember 2020, var sendur kæranda þann 11. desember 2020 með tölvupósti. Er því rétt að miða við að kærufrestur hafi byrjað að líða þegar kæranda var tilkynnt um úrskurð aganefndar LH. Barst kærana einni viku frá því tímamarki og því innan lögbundins kærufrests í samræmi við fyrrnefnda gr. 24.1.

Í máli þessu liggur fyrir að kærandi hafi skráð sig og keppt í tveimur greinum, 250 metra skeið (P1) og 150 metra skeið (P3) á Skeiðleikum 2 á sama hesti. Í kafla 8.7. í lögum LH er að finna ákvæði um keppnisgreinar og er í grein 8.7.17. að finna reglur um P1 – Skeiðkappreiðar 250 m og í grein 8.7.18. að finna reglur um P3 – Skeiðkappreiðar 150 m. Viðauki 9 við lög LH sem ber heitið Breytingar á FEIF-þingi 2018 tók gildi 1. apríl 2018. Í viðaukanum eru gerðar breytingar á keppnisreglum FEIF/LH. Þar er í 4. tölul. skýrt nánar hverjar séu leyfilegar samsetningar í keppni í skeiðgreinum. Samkvæmt a-lið má þar sem keppir í P1/250 m skeiði ekki keppa í P3/150 m skeiði og samkvæmt

b-lið má þar sem keppir í P3/150 m skeiði ekki keppa í P1/250m skeiði. Er því ómótmælt að kærandi hafi brotið umræddar reglur í keppni sinni á Skeiðleikum 2. Ekkert hefur þó komið fram í málinu um að athugasemdir hafi verið gerðar við skráningu kæranda á mótið né hafi kærandi verið beittur viðurlögum á mótinu vegna umrædds atviks. Leiða má af gögnum málsins að umræddar reglur hafi verið lítt kynntar og því var kærandi ekki upplýstur um reglurnar í viðauka 9. Ekki liggur fyrir í málinu á hvaða grunni stjórn kærða fjallar um umrætt tilvik en með erindi stjórnar kærða til aganefndar þann 10. nóvember 2020 vísar kærði til umsagnar aganefndar m.a. því atviki að kærandi keppti á Skeiðleikum tvö á sama hesti í bæði 150 metra skeiði og 250 metra skeiði. Erindinu fylgdu samkvæmt því sem fram kemur í úrskurði aganefndar mótaskýrslur fyrir umrætt mót, bréfaskipti stjórnar kærða við Hestmannafélagið Sprett, mótsstjóra Metamótsins og Skeiðfélagsins, ásamt áliti laganeftndar L.H. um umrædd atvik.

Stjórn kærða fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli landsþinga LH, skv. grein 1.4. í lögum LH. Starfssvið stjórnar er skv. grein 1.4.2. m.a. að líta eftir því að lög og reglugerðir LH séu haldin. Ennfremur ber stjórn að skipa nefndir skv. grein 1.4.3. í lögum LH og hafa eftirlit með störfum þeirra. Samkvæmt grein 1.4.3. skipar stjórnin á fyrstu stjórnarfundum eftir landsþing í fastanefndir, m.a. aganefnd. Stjórn setur nefndum starfsreglur. Í gildi er sérstök reglugerð um aganefnd LH. Samkvæmt henni fjallar nefndin um brot keppenda og starfsmanna á hestamótum og í tengslum við þau, skýrslur yfirdómnefnda móta og ákvarðar refsingu fyrir brot á keppnisreglum og reglugerðum LH, þ. á m. reglum um ferðalög innanlands og utan.

Í agareglum LH kemur fram í grein 2.1. að leggja skuli Fipo reglurnar til grundvallar við skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn. Í kafla 2.7. er fjallað um andmæla- og agareglur og í kafla 2.8. eru íslenskar sérreglur. Um kærur er fjallað í grein 2.7.3. en þar segir að hver sá sá sem telur sig órétti beittan vegna illa uppsettrar tímatöflu eða vegna FIPO hefur rétt til að leggja inn kærur; hið sama gildi um alla dómara, skipuleggianda og mótsstjóra. Kærur þarf að leggja fram skriflega til framkvæmdanefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt tryggingu að upphæð kr. 20.000 eða jafnmikið í erlendri mynt. Kærur vegna tímaplans eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar. Í kafla 2.7.4.3. er fjallað um þau viðurlög sem heimilt er að beita, ein sér eða einhver saman, séu reglur FIPO brotnar. Undir kafla 2.8. íslenskar sérreglur í grein 2.8.7. er fjallað um verkefni yfirdómnefndar sem er að tryggja að mót fari fram eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ, hún veiti áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld og vísi mönnum úr keppni sé þess þörf. Þá skal yfirdómnefnd senda aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok. Í grein 2.8.9. er svo fjallað um hverjir geti borið fram kærur og er þar að finna tæmandi talningu, þ.e. þátttakendur, starfsmenn og dómara. Ber kæra að koma fram eigi síðar en hálf tíma eftir mótslok og skal henni beint til yfirdómnefndar en á meðan móti stendur skal yfirdómnefnd starfa, sbr. grein 2.7.2. Er yfirdómnefnd skipuð yfirdómara, mótsstjóra og fulltrúa knapa, sbr. grein 2.8.3. Yfirdómnefnd ber að úrskurða um meðferð kæra strax og þær koma fram og kveða strax upp úrskurð í samræmi við grein 2.8.7. Kæru þarf að leggja fram skriflega til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir mótslok, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5.000 eða jafnmikið í erlendri mynt. Komist yfirdómnefnd að því að aðilar gerist brotlegir við lög og reglugerðir LH og ÍSÍ á mótum þá ber yfirdómnefnd skv. grein 2.8.10.3. að kveða upp úrskurð með því a) fella mál niður, b) veita hlutaðeigandi aðvörðun án spjalds, c) veita áminningu með gulu spjaldi eða d) sýna hlutaðeigandi rautt spjald og vísa honum úr keppni. Yfirdómnefnd hefur samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis einnig heimild til að fella niður árangur þegar keppanda er vísað úr keppni. Yfirdómnefnd sendir samkvæmt ákvæðinu skýrslu til aganefndar LH og hefur heimild til að kæra brot til nefndarinnar, telji hún þörf á því.

Um starfsemi aganefndar LH er fjallað í reglugerð aganefndar en í 2. gr. reglugerðarinnar segir að aganefnd fjalli um brot keppenda og starfsmanna á hestamótum og í tengslum við þau sem LH er aðili að. Aganefnd hefur heimild til að veita starfsmönnum móta áminningu. Svo segir í 3. gr. að aganefnd fjalli um skýrslur yfirdómnefnda móta og ákvarðar refsingu fyrir brot á keppnisreglum og reglugerðum LH, þ. á m. reglum um ferðalög innanlands og utan. Í kærðum úrskurði aganefndar kemur fram að til meðferðar í málinu hafi verið brot á lögum og keppnisreglum kærða sem vísað var til aganefndar af stjórn kærða. Það var mat aganefndar að þar sem í áðurnefndri 3. gr. reglugerðar um aganefnd er fjallað sérstaklega um þann þátt í starfi aganefndar er snýr að umfjöllun um skýrslu yfirdómnefnda móta og ákvarðanir um refsingu fyrir brot á keppnisreglum þá feli 2. gr. í sér sjálfstæða heimild til að fjalla um brot keppenda á hestamótum. Aganefnd telur stjórn kærða eina hafa heimild til að vísa brotum keppenda og starfsmanna eftir að almennum fræstum lýkur vegna atvika sem varða brot á lögum og reglum L.H., þó þau hafi ekki verið kærð á viðkomandi móti.

Ekki má leiða af lögum og reglum LH að þau fjalli með skýrum hætti um mörk þessara tveggja ákvæða og auk þess má ekki finna skýra heimild stjórnar kærða til að beina málu til aganefndar til afgreiðslu á grundvelli 2. gr. reglugerðarinnar. Aganefnd leiðir þann rétt af almennu ákvæði um hlutverk stjórnar sem skv. gr. 1.4.2. er að líta eftir því að lög og reglugerðir LH séu haldin. Sá sem heldur því fram að stjórn og/eða aganefnd LH hafi vald til að fella niður keppnisárangur án sérstakrar kærðu löngu eftir að móti lauk ber sönnunarbýrði fyrir því að sú valdheimild sé til staðar.

Í lögum LH er skýrt kveðið á um verkefni yfirdómnefndar og valdheimildir hennar og að svo miklu leyti sem valdsvið hennar nær er ákvörðun yfirdómnefndar endanleg, sbr. 2. mgr. greinar 2.7.1. Valdheimildir hennar, gerist aðilar brotlegir við lög og reglugerðir LH og ÍSÍ á mótum, eru tilgreindar í grein 2.8.10.3. í lögum LH. Hefur þannig yfirdómnefnd til að mynda heimild til að fella niður árangur þegar keppanda er vísað úr keppni. Í ákvæðinu eru ekki að finna tímamörk þessarar heimildar.

Í umfjöllun laganeftndar LH, sem óskað var eftir með erindi stjórnar kærða þann 14. október 2020, er fjallað um heimild stjórnar til að ógilda árangur knapa þegar kærufrestur er liðinn. Er það afstaða laganeftndar að ekki sé að finna heimild í lögum fyrir stjórn eða aðra til að ógilda árangur eftir að móti er lokið og búið er að skila inn athugasemdalausri mótaskýrslu, eins og háttar í máli þessu. Telur laganeftnd að rétt hefði verið að yfirdómari eða mótstjórn hefði átt að beita heimildum sínum samkvæmt lögum LH, nánar tiltekið f-liðar gr. 2.7.4.4. og eftir atvikum ógilda árangur ef keppni var hafin eða lokið. Hafi það ekki verið gert væri stjórn rétt að senda fyrirspurn á yfirdómnefnd og krefjast úrbóta og að hún gripi til viðeigandi úrræða. Ekki liggur fyrir að stjórn hafi gripið til slíkra úrræða í þessu máli.

Við beitingu viðurlaga vegna brota á lögum LH verður að gera þá kröfu að valdheimildir séu skýrar. Í lögum LH er að finna ítarleg ákvæði um viðbrögð og heimildir yfirdómnefndar vegna brota á lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ á mótum. Þar á meðal kærðheimild til aganefndar. Sambærilegar heimildir eru ekki að finna til handa stjórn kærða vegna brota keppenda á mótum. Skorti því stjórn kærða heimild til að beina því til aganefndar að úrskurða í máli kæranda. Hefði kærði átt að beina því til yfirdómara eða mótstjórnar að beita heimildum sínum samkvæmt lögum LH, eins og greinir í álitni laganeftndar. Ekki verður því séð að lög og reglur LH rökstyðji með skýrum hætti að heimild hafi verið til staðar til að fella árangur kæranda úr gildi, eftir þeirri málsmeðferð sem viðhöfð var í máli þessu.

Að þessu öllu virtu, og að teknu tilliti til krafna aðila, verður því að fallast á að sú niðurstaða aganefndar LH að fella úr gildi árgangur kæranda í P1 og P3 í Skeiðleikum

2 skuli ógilt. Niðurstaða þessi hefur ekki sjálfkrafa áhrif á aðra liði í úrskurði aganefndar frá 10. desember 2020, enda þeir ekki til úrlausnar í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Björg Ásta Þórðardóttir dómari í dómstól ÍSÍ.

Dómsorð:

Felld er úr gildi sú niðurstaða aganefndar LH í úrskurði í máli nr. 1/2020 frá 10. desember 2020 um að árangur Fredricu Fagerlund í P1 og P3 á Skeiðleikum 2 skuli felldur úr gildi

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærða er bent á ákvæði 33.3. í lögum ÍSÍ, en þar er mælt fyrir um að áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstóls ÍSÍ sé ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðu málsins.

Dómþingi slitið


Björg Ásta Þórðardóttir